

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Forseti Íslands sæmdi eftirtalda menn heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 1982:

I. ÍSLENDINGAR

1. janúar:

Ásgeir Erlendsson, vitavörður á Hvallátrum, riddarakross.
 Egill Skúli Ingibergsson, f.v. borgarstjóri, riddarakross.
 Friðrik Sigurjónsson, hreppstjóri í Vopnafirði, riddarakross.
 Guðmundur Björnsson, f.v. kennari á Akranesi, riddarakross.
 Kristín Teitsdóttir, húsfreyja Hnúki, Klofningshreppi, riddarakross.
 Lýður Guðmundsson, hreppstjóri, Litlu-Sandvík, Flóa, riddarakross.
 Ólafur Bjarnason, prófessor, riddarakross.
 Sr. Ólafur Skúlason, dómprófastur, riddarakross.
 Sigurjón Ólafsson, myndhöggvari, stórriddarakross.
 Snorri Ólafsson, f.v. yfirlæknir að Kristnesi, riddarakross.
 Stefán Íslandi, óperusöngvari, stjarna stórriddara.
 Tryggvi Ólafsson, forstjóri, riddarakross.
 Vala Ásgeirsdóttir Thoroddsen, forsætisráðherrafrú, riddarakross.
 Valborg Bentsdóttir, f.v. skrifstofustjóri, riddarakross.

15. apríl:

Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, riddarakross.
 Erlendur Árnason, oddviti, Skíðabakka, Austur-Landeyjarhreppi, riddarakross.
 Guðgeir Jónsson, f.v. bókbindari, riddarakross.
 Ingibjörg Halldórsdóttir, Akureyri, riddarakross.
 Sigmundur Jóhannsson, Vestmannaeyjum, riddarakross.
 Sigurður Kristjánsson, skipstjóri, Hellissandi, riddarakross.
 Sigurður Skúlason, magister, riddarakross.
 Sören Sörensson, þýðandi, riddarakross.
 Úlfur Sigmundsson, framkvæmdastjóri, riddarakross.
 Þuríður Pálsdóttir, óperusöngvari, riddarakross.

17. júní:

Dr. jur. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, stjarna stórriddara.
 Ásgeir Ó. Einarsson, dýralæknir, riddarakross.
 Barði Friðriksson, framkvæmdastjóri, riddarakross.
 Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, framkvæmdastjóri, riddarakross.
 Guðni Magnússon, málaramestari, Keflavík, riddarakross.
 Gunnar Bergsteinsson, forstjóri, riddarakross.
 Hafliði Jónsson, garðyrkjustjóri, riddarakross.
 Hjalti Þórarinnsson, yfirlæknir, riddarakross.
 Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri, riddarakross.
 Sr. Óskar J. Þorláksson, f.v. dómprófastur, stórriddarakross.
 Dr. phil. Pétur M. Jónasson, prófessor, Kaupmannahöfn, riddarakross.
 Hr. Pétur Sigurgeirsson, biskup Íslands, stjarna stórriddara.

Ragnheiður Hafstein, f.v. forsætisráðherrafrú, riddarakross.
 Sigurður Ágústsson, f.v. bóndi Birtingaholti, Árnassýslu, riddarakross.
 Stefán Stefánsson, f.v. bóksali, riddarakross.
 Steinunn Finnbogadóttir, ljósmóðir, riddarakross.
 Tómas Steingrímsson, stórkaupmaður, Akureyri, riddarakross.
 Þorsteinn Davíðsson f.v. verksmiðjustjóri, Akureyri, riddarakross.
 Tómas Karlsson, deildarstjóri, Reykjavík, riddarakross.
 Valgeir Ársælsson, sendifulltrúi í Genf, riddarakross.

14. október:

Adolf Björnsson, bankamaður, riddarakross.
 Árni Sigurjónson, f.v. bankafulltrúi, riddarakross.
 Gísli Ólafsson, f.v. yfirlögregluþjónn, Akureyri, riddarakross.
 Dr. med. Guðmundur Björnsson, prófessor, riddarakross.
 Jón Á. Gissurarson, f.v. skólastjóri, riddarakross.
 Pála Pálsdóttir, kennari, Hofsósi, riddarakross.
 Sigríður Briem Thorsteinsson, frú, Reykjavík, riddarakross.

19. október:

Ingvi S. Ingvason, ráðuneytisstjóri, stjarna stórriddara.

II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR**27. maí:**

Henrik Adolf Winberg, f.v. flugmálastjóri, Svíþjóð, stórkross.
 Jean-Noël Riehm, ræðismaður Íslands í Strassburg, riddarakross.

17. júní:

Martin C.P. Bratt, lénsassessor, Svíþjóð, riddarakross.
 Bengt Fröjd, ræðismaður Íslands í Kotka, riddarakross.

2. ágúst:

Anna Cronin, frú, London, riddarakross.

16. ágúst:

Francois Desbans, f.v. sendiherra Frakklands á Íslandi, stórkross.

20. október:

Forseti Finnlands Mauno Koivisto, stórkross með keðju.
 Frú Koivisto, forsetafrú Finnlands, stórkross.
 Pär Stenbäck, utanríkisráðherra Finnlands, stórkross.
 Matti Tuovinen, ráðuneytisstjóri finnska utanríkisráðuneytisins, stórkross.
 Martin Ísaksson, sendiherra Finnlands á Íslandi, stórkross.
 Kurt Uggeldahl, prótókollstjóri, Helsinki, stórkross.
 Juhani Perttunen, skrifstofustjóri, Helsinki, stjarna stórriddara.
 Lasse Wächter, ofursti Helsinki, stjarna stórriddara.
 Jack Witikka, leikhússtjóri, Helsinki, stjarna stórriddara.
 Arto Tanner, aðstoðar-prótókollstjóri, Helsinki, stjarna stórriddara.

Frú Mona-Lisa Juuranto, Helsinki, stórriddarakross.
 Juha Engström, yfirlíðsforingi, Helsinki, stórriddarakross.
 Henry Söderholm, skrifstofustjóri, Helsinki, stórriddarakross.
 Alec Aalto, skrifstofustjóri, Helsinki, stórriddarakross.
 Johannes Bäckström, deildarstjóri, Helsinki, stórriddarakross.
 Mika Tapanien, blaðafulltrúi, Helsinki, stórriddarakross.
 Ariel Rimón, höfuðsmaður, Helsinki, riddarakross.
 Tapani Kivimäki, höfuðsmaður, Helsinki, riddarakross.
 Ann Sandelin, forstjóri Norræna hússins í Reykjavík, riddarakross.
 Pentti Kettunen, flugstjóri, Helsinki, riddarakross.
 Sirkka Peisa, ritari, Helsinki, riddarakross.
 Eeva-Liisa Kuusamo-Saxén, ritari, Helsinki, riddarakross.
 Pekka Vilpas, yfirþjónn, Helsinki, riddarakross.
 Barbro S. Þórðarson, formaður Finnsk-íslenska félagsins Suomi, Reykjavík, riddarakross.
 Leena Peltola, ritari, Helsinki, riddarakross.
 Tapani Brotherus, sendifulltrúi, Helsinki, stórriddarakross með stjórn.

8. nóvember:

Matti Juhani Gustafsson, menningarmálafulltrúi, Helsinki, stórriddarakross.

20. desember 1982.

Nr. 803.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Með almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsafnota svo sem leikvelli, torg, bryggjur, skeiðvelli, íþróttavelli, útivistarsvæði, fjárréttir, markaði og opinber uppboð.

Um kvikmyndahús, leikhús, veitingastaði og önnur samkomuhús, almennar knattborðsstofur, leiktækjasali, afgreiðslustaði bifreiða og kvöldsölur gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð.

3. gr.

Pegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem við afgreiðslu verslana, banka, leikhúsa eða dyr kirkna og annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman skal fólk raða sér þannig að sá sem fyrir kemur fái fyrir aðgang en sá sem seinna kemur og haga sér í öllu eftir fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til þess að varðveita góða reglu.